

78. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn þriðjudaginn 21. september 2010 kl. 20 – 21 heima hjá Ingibjörgu R. Guðlaugsdóttur að Marargötu 5, Reykjavík.

Mættar: Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Sigríður Baldursdóttir, Hildur Gestsdóttir, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Lárus Valgarðsson sem var erlendis.

Fjárhagsleg staða

Miðað við þær greiðslur sem komið hafa inn vegna félagsgjalda og styrkja á þessu ári má gera ráð fyrir að heildarupphæðin fyrir allt árið 2010 verði um kr. 680.000,-. Félags- og styrktaraðilar Alnæmisbarna eru nú 79 talsins og hafa 59 félagar greitt félags- og styrktargjöld. Flestir greiða félagsgjald kr. 2000,- á ári, en þeir sem greiða styrktargjald til stúlkanna greiða oftast kr. 1000 – 2000 á mánuði en einhverjir greiða kr. 500 eða kr. 3000,- á mánuði. Aðrar tekjur Alnæmisbarna gætu orðið um kr. 160.000,- á þessu ári auk kr. 200.000 frá Íslenskum orkurannsóknnum Þetta gerir þá samanlagt um kr. 840.000,- í tekjur. Samanlögð útgjöld vegna skólagöngu stúlkanna verða væntanlega um kr. 1.154.000,-.

Vegna fyrri loforðs um styrk sendi Ingibjörg bréf til formanns Zontraklúbbsins Emblu og sótti um styrk upp á kr. 200.000, til þess að standa undir kostnaði við skólagöngu stúlkna á vegum CLF-. Ragna ætlar að fylgja umsókninni eftir, en þeir taka málið væntanlega fyrir í september.

Hreinn hagnaður Alnæmisbarna vegna sölunnar í Kolaportinu sunnudaginn 5. september var kr. 18.640,-. Fyrirhuguð er sala kerta og kakna í Kringlunni í kringum alþjóðlega baráttudaginn gegn alnæmi 1. des. Kom fram tillaga um gefa fólki kost á því að styðja við málefnið út frá ákveðnum þætti í skólastarfi stúlkanna eins og greiða máltíðir einnar stúlku yfir eitt skólaár eða startpakka – skólatösku, ritföng o.fl. fyrir eina stúlku eitt skólaár að upphæð kr. 1000,-. Ætlum fyrst að reikna út hver kostnaður vegna þessarra þátta er.

Ráðstöfun styrknanna frá AlheimsAuði

Umræður voru um það hvernig best væri að skipuleggja greiðslur styrkjanna frá AlheimsAuði annars vegnar að upphæð kr. 500.000 til þess að kosta almenna skólagöngu stúlkanna og hins vegar kr. 200.000 til smálánasjóðs CLF.

Þótti eðlilegt að horfa á styrkveitinguna í samhengi við stöðu mála í dag.

Í upphafi þessa árs var 21 stúlka í almenna grunnnáminu, sem er sjö ára nám, en ein hætti síðan í skóla og fór í verkþjálfun hjá CLF. Stúlkurnar sem Alnæmisbörn styrkja voru því í upphafi þriðju annar 20 talsins. Fjórar þeirra eru núna í grunnnáminu. Mikill munur er á greiðslum til stúlkna í grunnnáminu sem er frá ugs 33.900 – 88.000 á önn. Sé miðað við ugs 70.000 á önn er greiðslan ugs 210.000 á ári eða ísl. kr. 11.451,- á ári. Skólagangur hvernar stúlku í sjö ár kostar því á núverandi gengi ísl. kr. 80.157,- (gengi 14. sept. 2010 / 0,05453). Sé miðað við meðaltal kostnaðar er heildarkostnaður í sjö ár fyrir fimm stúlkur ísl. kr. 400.785 eða ísl. kr. 57.255,- á ári. Sé miðað við dýrasta skólann ugs 90.000 er heildarkostnaður vegna fimm stúlkna í sjö ár ísl. kr. 515.305.

Sé staða stúlkanna á framhaldsskólastigi skoðuð, en það skólastig er í sex ár, eru 16 stúlkur á CLF sem stunda nám á því stigi. Á því skólastigi er kostnaður líka mjög misjafn

eftir því í hvaða skóla stúlkurnar ganga og hvort þær búa í heimahúsi eða eru á heimavistaraskóla. Kostnaðurinn á eina stúlku er frá ugs 100.000 - 472.500. Greiðsla til einnar stúlku á framhaldsskólastigi er því að meðaltali ugs 281.141 á önn eða kr. 843.423 á ári eða um ísl. kr. 45.991,- á ári. Skólagangur stúlku í sex ár yrði því ísl. kr. 275.946,-.

Sé styrkur AlheimsAuðar fyrir skólagöngu stúlkanna skoðaður í þessu ljósi, væri hægt að kosta grunnnám sex stúlkna í sjö ár eða 1.8 stúlku í framhaldsnám fyrir heildarstyrkinn sem var að upphæð kr. 500.000,-.

Annar kostnaður vegna skólagöngu stúlkanna eru laun starfsmanns sem er ábyrgur fyrir skólagöngu stúlkanna í almenna skólanum, en sá kostnaður er ugs 1.200.000 á önn og keyrsla stúlkanna sem er ugs 90.000 á önn.

Til að auðvelda stjórn Alnæmisbarna að taka ákvörðun var ákveðið að Ingibjörg skrifaði Rosette á CLF bréf og kannaði hug hennar í þessu máli, en eins og er eru um 70r stúlkur á biðlista til að komast að á CLF. Einnig væri forvitnilegt að vita hvernig framhaldsnám stúlkna sem nýlega hafa verið á CLF hafa hjálpað þeim í lífinu eftir skólann. Þvínæst væri hægt að funda með fulltrúum AuðarCapitals og skoða sýn þeirra á ólíkum möguleikum.

Til að vera sem gagnsæust töldum við rétt að aðskilja styrkinn frá AlheimsAuði bókhaldi Alnæmisbarna og búa til sérstaka bankabók fyrir hann. Það auðveldar stjórnarmeðlimum að halda utan um rekstrarreikning styrksins, en jafnframt þarf að skrá nöfn stúlkanna og frammistöðu á hverri önn til þess að geta betur gert grein fyrir notkun styrksins til AuðarCapital þegar þar að kemur.

Auk styrksins til skólagöngu veitti AuðarCapital styrk að upphæð kr. 200.000,- til smálánasjóðsins. Alnæmisbörn hafa tvisvar veitt styrk til sjóðsins. Veitt hafa verið 53 lán úr sjóðnum, hvert lán að upphæð ísl.kr. 8.180,-. Nú hafa 28 lán verið að fullu endurgreidd og 21 láni hefur verið tapað að hluta. Í þremur lánnum hafa lán ekki verið greidd að fullu tilbaka en tækjum skilað og í einu láni gengur hægt að fá greitt tilbaka. Tapað fé vegna vanskila er því ísl. kr. 128.549,-.

Ákveðið var að skrifa Rosette og kanna betur utnumhald lánanna og fá tillögur frá henni um það hvernig hún telji úthlutun nýja styrksins frá AlheimsAuði best varið.

Heimsókn til CLF

Rædd var um nauðsyn þess að heimsækja CLF bráðlega aftur, en í desember verða liðin tvö ár síðan þrír stjórnarmeðlimir fóru þangað. Til eru peningar í kertasjóði Alnæmisbarna sem nota mætti til slíkrar ferðar en þá væri m.a. hægt að fara betur ofan í bókhald CLF, kanna stöðu mála, gefa ráð og veita aðhald. Kom til umræðu að Hildur varaformaður og gjaldkeri Alnæmisbarna færi í þá ferð.

Nýjir stjórnarmeðlimir

Þar sem breytinga í stjórn Alnæmisbarna er að vænta á næsta aðalfundi félagsins í febrúar 2011 þarf að fara að huga að nýjum stjórnarmeðlimum. Vitað er að allavega mun Ingibjörg ganga úr stjórn á næsta aðalfundi. Sigríður ætlar að tala við tvær stúlkur sem hafa dvalið í Úganda, heitir önnur þeirra Harpa, en hún tók hluta mannfræðináms síns þar.

Annað

Menntamálaráðuneytið í Úganda viðurkenndi nýlega starfsnámið í CLF sem löggilt nám sem er mikil viðurkenning fyrir starfsemi CLF.

Sigurlaug, sem er í stjórn Alnæmisbarna, sagði frá eigindlegri rannsókn sem hún gerði á 15 stúlkum við CLF á hátíðarfundum Félagsráðgjafafélags Íslands þann 17. september. Það var einmitt styrkur frá þessu félagi sem gerði henni kleift að framkvæma rannsóknina.

Með kveðju,
Sigurlaug Hauksdóttir